

60. fundur Fræðslusjóðs
Mánudaginn 28. Nóvember 2016 kl. 14:30 – 16:00
haldin í Skipholti 50b. 3. hæð

Mætt: Guðrún Ragnarsdóttir, Fjóla Jónsdóttir, Halldór Grönvold, Garðar Hilmarsson, Guðrún Eyjólfsdóttir, Sólveig B. Gunnarsdóttir, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. Frá FA: Sveinn Aðalsteinsson og Björn Garðarsson.

Boðuð forföll: Ársæll Guðmundsson og varamaður, Jón Fannar Kolbeinsson, Kristín Þóra Harðardóttir

1. Fundargerð síðasta fundar (*fylgiskjal 1*)
2. Endurúthlutun - Umsókn Iðunnar óafgreidd frá síðasta fundi (*frá 59. fundi, fylgiskjal 2*), sjá 3 tl. hér að neðan.
3. Náms- og starfsráðgjöf 2016-2017

- a. Tillaga um hækkun á greiðslum til náms- og starfsráðgjafar 2016 (*fylgiskjöl 3a, b, c, d, e*)

Gerð er tillaga um hækkun gjaldskrár fyrir 2016 um 10% til að mæta framkomnum ábendingum um að styrkir sjóðsins standi ekki undir kostnaði við ráðgjöfina. Gert er ráð fyrir að kostnaðarauki fyrir sjóðinn verði um 14 milljónir. Tillagan var samþykkt.

Samþykkt að veita 3.000.000 í náms- og starfsráðgjöf til IÐUNNAR. Er þar verið að ljúka afgreiðslu umsóknar um viðbótarúthlutun frá því í október.

- b. Umræða um innfellingu náms- og starfsráðgjafar inn i raunfærnimat 2017 (*fylgiskjöl 4a, b, c*)

Liðir a og b tengjast nokkuð. Fundað hefur verið með fulltrúum fræðsluaðila að undanförunu og er sameiginlegur vilji til að einfalda verðlagninguna.

Lagt fram minnisblað til stjórnar (GR/28.11.16 í fundargögnum) en þar er gert ráð fyrir tveim verðflokkum; fyrsta viðtal og viðbótarviðtal. Ekki verður sérstaklega greitt fyrir eðlilega eftirfylgni. Að auki verði greiddur ferðakostnaður miðað við kílómetragjald.

Góð sátt ríkir um tillöguna meðal þátttakenda í viðræðuhópi sjóðsins og fræðsluaðila sem fundað hafa á undanförunum vikum um ráðgjöf og raunfærnimat. Nokkur óvissa ríkir meðal fræðsluaðila hvaða áhrif hún muni hafa á raunfærnimat.

Skilgreina þarf ítarlega hvað felst í ráðgjöfinni en fram hefur komið í samtölum að ekki er sameiginlegur skilningur á hvað felst í ráðgjöf hvernig hún fellur í núverandi verðflokka.

Lagt til að í ráðgjöf verði tvö verð: 18.000 fyrir fyrsta viðtal og 14.000 fyrir endurkomu. Sjá nánar í fundargögnum Minnisblað til stjórnar ... liður 1. Formaður og Sveinn útfæri nánar tillögur að greiðslum vegna ferðakostnaðar.

Framkvæmdastjóra FA falið að finna skilgreiningu á ráðgjöf og senda stjórn.

Hugmyndir hafa verið um að árangurstengja ráðgjöfina, en mat manna er að fyrirvarinn til þess sé orðin of skammur fyrir 2017.

Fram kom að endurskoða þurfi ráðgjöf og raunfærnimat alveg frá grunni. Stjórnarmenn töldu núverandi kerfi of dýrt.

1(3)


Áður hefur verið rætt að mikilvægt sé gera úttekt á gæðum og uppbyggingu og árangri kerfisins. Lagt til að tekið verði samtal við mnrn um fjármögnun úttektar. Kannað verði hvort ráðuneytið hafi tök á að standa fyrir slíkri úttekt eða hvort sjóðnum sé heimilt að greiða fyrir slíkt. Áður þarf að móta aðferðafræðina. Drög að bréfi til mnrn. verði tilbúið fyrir næsta stjórnarfund.

Í raunfærnimati hefur s.l. tvö ár verið sett hámark á verð pr. einstakling. Verulegar athugasemdir hafa komið fram við það og í nýjum tillögum er gert ráð fyrir grunngjaldi – sjá nánar í fundargögnum Minnisblað til stjórnar ... (GR 28.11.16) liður 2 og tillögur í fskj. 04b2.

Hvaða leið sem verði fyrir valinu í verðlagningu raunfærnimats verði áfram hámark á greiðslum pr. einstakling. Einnig verði sett inn lágmark á mögulega metnar einingar þannig að ekki sé verið að taka einstaklinga í mat sem ekki eru að ná nema örfáum einingum. Þó sé eðlilegt að tekið sé tillit til lengdar hverrar námsleiðar.

Hver sem niðurstaðan verður þarf að gera rammann stífari og kerfið skilvirkara. Horfa þarf til nýrra aðferða og leiða við framkvæmd raunfærnimats t.d. með rafrænu mati. Bent var á áhugaverða leið sem farið er að vinna eftir í Svíþjóð og að aðstandendur þeirrar leiðar eru tilbúnir til að aðstoða við þróun og innleiðingu hér á landi.

Lagt til að umræða um verðlagningu raunfærnimat verði tekin á næsta fundi.

4. Úthlutun Fræðslusjóðs f. 2017 (fylgiskjal 5)

Tillögur að skiptingu og útteilingu kynntar.

Í síðustu kjarasamningum ASÍ og SA er að finna bókun um mat á námi/raunfærni til launa:

Bókun um mat á námi til launa

Samningsaðilar munu vinna að því að meta nám/raunfærni til launa í tveimur þrepum á grundvelli hæfnigreininga starfa. Áætlun verði gerð um greiningu starfa með aðkomu beggja aðila í samráði við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þar sem hæfniþættir starfs eru settir upp í námskrá.

Nefnd samningsaðila, þrír frá ASÍ og þrír frá SA, mun hefja störf eigi síðar en haustið 2015. Unnið verður áfram á grundvelli þeirra tillagna sem samningsaðilar hafa mótað í aðdraganda kjarasamninga. Stefnt er að því að námskeið og raunfærnimat verði sett af stað á grundvelli þessarar vinnu, haustið 2016.

Fyrir 1. okt. 2016 skal liggja fyrir með hvaða hætti skuli greitt fyrir þá hæfni sem metin er í starfi.

Unnið hefur verið að kortlagningu starfa í nokkrum starfsgreinum og gerð hæfniviðmiða og stefnt að því að raunfærnimat verði tilbúið innan skamms í hluta af störfunum. Í þessu ljósi vaknar spurning hvort eyrnamerkja eigi hluta af eftirstöðvum í sjóðnum og úthluta sérstaklega á grunni nýrra umsókna.

Lagt til að allt að helmingi eftirstöðva í sjóði Fræðslusjóðs verði bætt við fé til framkvæmdar 2017.

Skipting byggi á framkvæmd úrræða sl. tvö ár, áætlun 2016 og stærð markhóps.

Eftirstöðvar í sjóði eru tæpar 121 milljón en rétt að gera ráð fyrir einhverjum aukaútgjöldum vegna hækkun verðskrár ráðgjafar.

2(3)

5. Aðsendar fyrirspurnir:

- a. Verðlagning á túlkþjónustu (frá Fræðslumiðst. Vestfj., fylgiskjal 6)

Frestað til næsta fundar

6. Önnur mál

- a. Desember fundur

Næsti fundur 14. desember 15:00

Grasinn Þegnar
T. Þ. Þórs.
Gortar Hilmarsson
Halldór Órnell
Andriú Þorjónsson
Solveig B. Gunnarsdóttir